



Verkið sem Skiltamálun Reykjavíkur og vinir vörðu síðastliðnum laugardegi í að mála á vegg við Sjávarútvegshúsið fékk að standa í rúman sólarhring áður en menn vopnaðir háþrýstidælum hreinsuðu það af veggnum í gær. Verkið sýndi sömu spurningu og brunnið hefur á vörum fjölda manns undanfarnar vikur, mánuði og ár: Hvar er nýja stjornarskráin? Spurningunni hafði ekki verið svarað þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að síðdegis í gær. Hins vegar tóku undirskriftir á vefnum nystjornarskra.is kipp eftir hreinsunina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vilja Víðines undir meðferð

Bláa bandið hefur óskað eftir að taka Víðines á leigu til að setja á fót meðferðarúrræði sambærilegt Vog. Forstöðumaður vonast til að koma því á fót fyrir páska og útrýma biðlistum í meðferð á tveimur árum.

HEILBRIGÐISMÁL Bláa bandið hefur gert Reykjavíkurborg tilboð í rekstur Víðines á Kjalarnesi með það að markmiði að koma á fót áfengis- og vímuefnameðferð sambærilegri þeirri á Sjúkrahúsinu Vog.

Bláa bandið telur á þriðja tug manna sem hafa verið virkir innan AA-samtakanna. Engin starfsemi hefur verið í Víðinesi að undanfögnu og auglýsti borgin það til leigu í september.

Arnar Gunnar Hjálmtýsson, forystumaður Bláa bandsins, segist vera bjartsýnn á að samningar takist þar sem borgin standi sig vel

Markmiðið er að útrýma öllum biðlistum í meðferð á tveimur árum, það er raunhæft markmið.

Arnar Gunnar Hjálmtýsson, forystumaður Bláa bandsins



í þessum málaflokki. Brýn þörf sé á að eyða biðlistum í meðferð, en biðtíminn eftir plássi er nú um hálf ár. „Þetta er óásættanleg bið sem kostað hefur mannslíf, mörg hver ungar manneskjur,“ segir Arnar Gunnar.

Stefnan er að Víðines verði óhagnaðardrifið meðferðarúrræði fyrir um 60 sjúklinga. „Markmiðið er að útrýma öllum biðlistum í meðferð á tveimur árum, það er raunhæft markmið,“ segir hann. „Núna er verkefnið að semja við borgina um húsnæðið og gera það svo upp. Við erum byrjaðir í viðræðum við Sjúkratryggingar og Embætti land-

læknis. Ef allt gengur eftir þá gætum við opnað um páskana á næsta ári.“

Arnar Gunnar rekur nú áfangaheimilið Betra líf sem var opnað í fyrra. Biðlistinn er langur og er hann að skoða möguleikann á að stækka úrræðið. „Það er fólk sem er bráðveikt sem kemst ekki að í meðferð og sagt að fara í röðina. Margir sem komast ekki að í meðferð hverfa aftur í neyslu eða hreinlega deyja.“

Víðines mun ekki fara í samkeppni við SÁÁ eða aðra. „Við viljum miklu frekar létta undir með þeim. Þeir geta þá sinnt sínum störfum miklu betur.“ – ab

Óvissa um hrekkjavöku

LÍFIÐ Hrekkjavakan verður 31. október þrátt fyrir að heimsfaraldur geisi og undirbúa nú foreldrar og börn öðruvísi hrekkjavöku í skugga hans.

Samskiptastjóri almannavarna-deildar ríkislögreglustjóra segir of snemmt að segja til um hvort tekið verði sérstaklega á hrekkjavökunni með tilmælum eða leiðbeiningum. Það komi betur í ljós þegar samkomutakmarkanir innanlands verða endurskoðaðar 19. október.

Verslunarstjóri Partýbúðarinnar segir mun minna að gera nú en síðustu ár, þó sé aukning í netverslun. Ljóst sé að fólk muni gera vel við sig heima. Hugur sé í fólk en flestir fari varlega.

– þþ, oæg / sjá síðu 18



Nýr Škoda Superb iV

Rafmagn & bensín

Verð frá 5.590.000 kr.




hekla.is/skodasalur · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · HEKLA



ŠKODA



Veður



Vaxandi suðlæg átt vestan til í dag, 8-15 seinnipartinn, en öllu hvassari á norðanverðu Snæfellsnesi. Hægari suðlæg átt um austanvert landið. Bjartviðri norðan- og austantil, annars skýjað með köflum og fer að rigna vestast seint í kvöld. Hiti 3 til 9 stig.

SJÁ SIÐU 12

Kærir meint vanhæfi til Hæstaréttar

DÓMSMÁL Landsréttardómarinn Arnfríður Einarsdóttir vikur ekki sæti í meidyrðamálum tengdum Hlíðamálinu svokallaða. Stefnendur málsins kröfðust þess að hún viki sæti á grundvelli meintrar neikvæðrar afstöðu Arnfríðar til lögmanns þeirra, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar. Vilhjálmur flutti Landsréttarmálið svokallaða fyrir Mannréttindadómstól Evrópu.



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Í munnlegum málflutningi um kröfuna í Landsrétti í síðasta mánuði vísaði Vilhjálmur einkum til athugasemda alþingismannsins Brynjars Nielssonar á Facebook og yfirlýsingar sem hann sendi Mannréttindadómstól Evrópu. Hélt Vilhjálmur því fram að eiginmaður Arnfríðar tengdi málið persónu sinni sem ylli því að aðrir umbjóðendur hans gætu ekki treyst því að mál þeirra fengju hlutlausu meðferð fyrir dómi sem Arnfríður situr í.

Í úrskurði Landsréttar sem kveðinn var upp á föstudag segir að engin gögn hafi verið lögð fram í málinu um neikvæða afstöðu Arnfríðar til lögmannsins. Þá verði vinátta eða fjandskapur við maka dómara ekki lögð að jöfnu við fjandskap eða vináttu við dómara sjálfan og var kröfu um að Arnfríður viki sæti því hafnað.

Vilhjálmur segir úrskurðinn verða kærðan til Hæstaréttar. – aá

Tré fyrir fyrsta konuforsetann



Rán Flygenring afhendir Andra Snæ Magnasyni, stjórnarformanni Yrkju, ávísun fyrir 4.108 trjá. Það er eitt tré fyrir hverja selda bók um Vigdís fyrsta konuforsetann eftir Rán, sem kom út hjá forlaginu Angústúru fyrir síðustu jól. Afhendingin fór fram við heimili Vigdísar á Aragötu. María Rán Guðjónsdóttir útgefandi og Vigdís Finnbogadóttir fylgjast með. Það var Rán sem teiknaði þessa veglegu ávísun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lögregla og 112 harma mistök

LÖGREGLUMÁL Lögreglan rannsakar banaslys sem varð í Grimnesi á föstudagskvöld er maður á fertugsaldri brann inni í húsbil.

Lögreglu bárust ekki upplýsingar um brunann fyrr en á laugardag þrátt fyrir að neyðarlínu hafi borist tilkynning á föstudagskvöld.

Í tilkynningu frá ríkislögreglustjóra og 112 sem barst fjölmiðlum í gær er harmað að tilkynning um brunann til Neyðarlínu hafi ekki skilað sér til slökkviliðs og lögreglu á svæðinu. Tæknilegum annmarka hafi verið um kenna sem valdið hafi því að lögregla fékk ekki tilkynningu um atburðinn áður en innhringjandi sleit simtali. Unnið er að úrbótum á hugbúnaði til að slíkt endurtaki sig ekki.

Fram kom í kvöldfréttum RÚV í gær að lögregla hefði rætt við fjölda vitna vegna rannsóknarinnar en líklegast sé um slys að ræða. – kdi

Miðbærinn snauður af stöðum fyrir tónlist

Ef Katrínartún 12 verður rífið mun sögufrægt tónlistarstúdíó hverfa úr miðbænum. Þar hafa verið sungnir margir af þekktustu slögurum Íslandssögunnar. Daniel Friðrik Böðvarsson upptökustjóri segir þetta leiðinlegan missi.

TÓNLIST „Við eigum í góðum samskiptum við eigendurna. Það eru engin leiðindi þó að það sé fúlt að missa þakið ofan af starfsemiinni,“ segir Daniel Friðrik Böðvarsson, upptökustjóri og einn fremsti gítarleikari landsins – og þótt víðar væri leitað.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku hefur Höfðatorg óskað eftir því að rífa Katrínartún 12 og 12a, sem áður hósti meðal annars skrifstofur WOW air. Þar er einnig upptökustúdíó Daniels sem Rabbi heitinn byggði upp og starfaði það lengi undir merkjum Hljóðhamars.

Það hafa margir komið með sinn takt inn í stúdíóið, eins og Woofar, hljómsveit Hildar Guðnadóttur forðum daga, Ólafur Gaukur tók upp tónlistina við Benjamín dufu þar á bæ og Leaves og Botnleðja töldu í eftirminnilega tóna í stúdíóinu sem brátt hverfur. „Hér hafa verið tekin upp mörg lög sem landsmenn hafa sungið með þó ég þekki ekki söguna alveg 100 prósent.“

Í dag er fullt af tónlistarmönnum við alls konar vinnu hérna og þetta er eitt af örfáum atvinnustúdíóum í miðbænum. Það var stúdíó við Skúlagötu sem var rífið fyrir nokkrum árum og stúdíóin eru öll að færa út á borgarjadarinn.

Daniel segir að beiðni sé um að öll starfsemi verði farin úr húsinu sem fyrst en töluverður suðupottur mannlífs er í Katrínartúninu af skapandi fólki. „Hér er mikið mannlíf og ég veit alveg að fólk er óánægt með að fá svona lítinn tíma til að fara burt með sína starfsemi. Það verður sjónarsviptir að þeirri starfsemi sem hefur verið hérna. Hér hefur verið iðandi mannlífi mörg ár



Daniel segir að það vanti húsnæði fyrir hljóðver og minni tónleikastaði í miðbænum, huga þurfi betur að menningu á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hér hefur verið iðandi mannlíf í mörg ár og stúdíóið okkar hefur haft mikla starfsemi.

Daniel Friðrik Böðvarsson

og stúdíóið okkar hefur haft mikla starfsemi. En því miður erum við komin í þá stöðu að fara að kíkja í kringum okkur,“ segir hann.

Tónlistarmönnum í Katrínartúni hefur verið boðið húsnæði í Árbæ en það er hrátt iðnaðarhúsnæði og þá á eftir að byggja stúdíó-

íð. „Því miður er það ekki alveg besti kosturinn fyrir okkur sem búum í miðbænum og kjósum billausan lífsstíl. En vonandi finnst hentugra húsnæði. Við vonum það besta.“

Hann segir að í miðbænn vanti húsnæði fyrir hljóðver og minni tónleikastaði en ekki hótél eða verslunarhúsnæði. Huga þurfi að menningunni en ekki endilega glerinu sem hýsir verslanir og skrifstofur. Sérstaklega á þessum síðustu og verstu tímum. „Hljóðverið á sér langa og merkilega sögu. Hér erum við 15 með aðstöðu og mikil gróska, bæði hér og í húsunum í kringum okkur. Það er svolítið fúlt að sjá þetta allt fara.“

benediktboas@frettabladid.is

SMINT 2 hours Clean Breath
TVEGGJA TÍMA FERSKLEIKI*
SUGARFRÍ

SMINT ÖRUGGUR ANDARDRÁTTUR



Við erum til staðar til að leysa úr málum með þér

Þú getur alltaf haft samband við okkur í síma eða á netinu þótt við höfum takmarkað aðgengi að útibúum tímabundið. Ef þú þarft að heimsækja útibú eða Fyrirtækjamiðstöð getur þú pantað tíma á landsbankinn.is en við hvetjum viðskiptavini til að nýta sér rafræna þjónustu eins og hægt er. Þannig vinnum við saman að því að þú getir áfram gengið að allri þinni þjónustu þótt hún sé með breyttu sniði.



Mun færri skráðir í bakvarðasveit en í vor

HEILBRIGÐISMÁL Tæplega 300 heilbrigðisstarfsmenn hafa skráð sig í bakvarðasveit heilbrigðisþjónustu í haust samanborið við rúmlega 1.100 í vor. Þetta kemur fram í svari heilbrigðisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Á fyrstu tveimur vikunum eftir að tilkynnt var um samkomubann í mars voru meira en 500 skráningar. Í byrjun apríl voru meira en þúsund

skráðir og var talan komin upp í 1.159 í lok apríl.

Í september, þegar hin svokallaða þriðja bylgja COVID-19 hófst, var tekin ákvörðun um að endurvekja bakvarðasveitina, byrja á núlli og óska eftir nýskráningu. Ástæðurnar voru tvíþættar. Bæði höfðu aðstæður þeirra sem höfðu skráð sig breyst auk þess sem heilbrigðisstofnanir óskuðu eftir því að



Í gær voru 23 inniliggjandi á heilbrigðisstofnunum með COVID-19.

atriðum yrði bætt við skráninguna til að einfalda ráðningar. Frá því að bakvarðasveitin var aftur sett á laggirnar 21. september til gærdagsins höfðu 297 skráð sig.

Hlutfallsleg fækkun hefur ekki verið meiri í einum hópi heilbrigðisstarfsmanna umfram annan. Í vor höfðu 275 hjúkrunarfræðingar skráð sig samanborið við 55 nú. Þá hefur fjöldi lækna farið úr 107 í 35,

sjúkraflutningamanna úr 102 í 40 og sjúkraliða úr 238 í 63. Aðeins 31 hefur áður starfað sem bakvörður.

Rúmur helmingur þeirra sem skráðir er nú í bakvarðasveitina getur helst sinnt sjúklingum með COVID-19. Þá vilja 190 helst vinna á Landspítalanum og 144 á Heilsgæslu höfuðborgarsvæðisins. 25 vilja helst starfa á Sjúkrahúsinu á Akureyri. – ab



Félagsmálaráðherra mótur nú heildstæða stefnu um öryggisvistanir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Leita að nýju húsnæði undir öryggisvistun

FÉLAGSMÁL Félagsmálaráðuneytið hefur beðið sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um tillögur að tímabundnu húsnæði fyrir öryggisvistun. Ákveðið hefur verið að reisa sérútbúna öryggisvistun í Reykjanesbæ sem þjónusta á allt landið og verið er að móta heildstæða stefnu um öryggisvistun innan ráðuneytisins. Ekki er reiknað með að húsnæðið verði þó tekið í notkun fyrr en árið 2023.

➤ Ný vistun í Reykjanesbæ verður tekin í notkun árið 2023.

Þangað til þurfi að finna allt að 150 fermetra leiguhúsnæði fyrir tvo til þrjú einstaklinga sem fullnægi viðmiðum um aðgengi og þjónustu af þessu tagi. Hafa sveitarfélögin til 20. október að koma með tillögur.

Eins og áður hefur fram komið hefur Reykjavíkurborg viljað losna við öryggisvistun sína í Seljahverfi en þar hafa íbúar kvartað yfir nálægð við hana. Fyrir skemmstu slapp maður úr öryggisvistun á Akureyri og tók barn hálstaki. Samkvæmt áætlunum verður nýja öryggisvistunin í Reykjanesbæ ekki í íbúabyggð eins og þær í Reykjavík og á Akureyri. – khg

Sveitarstjórinn segir eigendur hjólhýsa ekki fá skaðabætur

Jóhannes Helgi Bachmann, sem bauð Bláskógabyggð að taka yfir hjólhýsasvæði sem leggja á niður við Laugarvatn, segir líkt og sveitarstjórnin geri sér ekki grein fyrir þeim tekjum sem fari úr sveitarfélaginu með hjólhýsunum. Hann telur hefð skapa hjólhýsaeigendum bótarétt en sveitarstjóri hafnar öllu slíku.

LAUGARVATN „Ég tel að sveitarfélagið sé skaðabótaskyldt ef það verður farið út í þetta,“ segir Jóhannes Helgi Bachmann, sem fær ekki að taka yfir hjólhýsabyggð við Laugarvatn, sem á að rýma.

Sveitarstjórn hafnaði í liðinni viku erindi Jóhannesar um að „taka yfir til eignar og sjá um endurbætur og uppbyggingu“ á hjólhýsasvæðinu við Laugarvatn. Sveitarstjórnin ákvað í september að svæðið yrði rýmt á næstu tveimur árum.

„Ástæðan fyrir því að þetta þarf að víkja snýr að öryggismálum og er verið að bregðast við ábendingum lögreglustjórans á Suðurlandi, slökkviliðsstjóra Brunavarna Arnessýslu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar,“ segir Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar.

„Þetta er alveg út í hött. Það er búið að leyfa uppbyggingu á margra milljóna króna mannvirkjum og svo á bara að rýma svæðið,“ segir Jóhannes sem kveðst sjálfur hafa skipulagt sumarhúsasvæði á landi Markar í Villingaholtshreppi.

„Ég bauð að ég myndi fjármagna allar breytingar og viðbætur. Það þarf að grisja svæðið og stækka það og gera betri fráveitu og betri vatnsmál og eldvarnir. Þetta er alveg hægt en kostar bara peninga. Ég bauð þeim að sjá um þetta og ég fengi svæðið í staðinn til eignar,“ segir Jóhannes.

Hjólhýsahverfið við Laugarvatn á sér um hálfar aldar sögu. Þar eru um 200 hjólhýsi. „Þegar það er leyft að byggja upp, þó svo að það sé ekki í samningi, þá er komin hefð sem verður lögbundin á vissum árafjölda. Með því að leyfa þetta eru þeir búnir að skapa grundvöll



Margar fjölskyldur hafa lengi átt athvarf í hverfi sem nú telur um 200 hjólhýsi við Laugarvatn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Samningar eru til tiltekins tíma og ljóst að verði ekki um framlengingar að ræða þá þurfa leigutakar að fjarlægja sína muni og mannvirki.

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar



fyrir skaðabótaskyldu – ef þeir ætla að láta rýma svæðið,“ fullyrðir Jóhannes.

„Ég tel engar líkur á að sveitarfélagið komi til með að þurfa að greiða bætur,“ segir Ásta sveitarstjóri hins vegar. „Samningar eru til tiltekins tíma og ljóst að verði ekki um framlengingar að ræða þá þurfa leigutakar að fjarlægja sína muni og mannvirki.“

Jóhannes telur sveitarstjórnina ekki átta sig á tekjum sem kastað verði á glæ. Sveitarfélagið myndi fá gjöld af fyrirtæki hans, verktakar fá vinnu og verslanir viðskipti.

„Það er vöntun á svona góðu hjólhýsasvæði,“ segir Jóhannes. „Öll

þessi hýsi eru grunnurinn að því að gera löglegt og vandað svæði.“

Meðal þess sem gera þyrfti er að tryggja brunavarnir, betrubæta vatnsleiðslur og frárennsli og grisja bæði gróður og byggðina, að sögn Jóhannesar. „Ég er sjálfur fyrrverandi slökkviliðsmaður og veit hvað þarf til. Það þarf að taka annað hvert hús og stækka svæðið þannig að það sé lengra á milli húsanna,“ segir hann.

Jóhannes kveðst engin rök hafa fengið fyrir því að honum var synjað. „Það er eins og það liggi eitthvað annað að baki þarna. Flest byggðarlög myndu berjast fyrir því að fá svona tækifæri.“ gar@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBODSADILI

Jeep



RAM



ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTBREINSADIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep, og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og ihluta til breytinga. Allir helst varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti í aðra USA bíla.



ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00



HÖRKU PLANKA
HARÐPARKET
fyrir heimili, sumarhús & fyrirtæki
MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ
LANGIR OG BREIÐIR PLANKAR Í BESTA GÆÐAFLOKKI



Umhverfisvottað með 24 tíma vatnsvörn



Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is



25 karlar og tvær konur eru í aðgerðateymi Bandaríkjaforseta. MYND/EPA

Ákvarðanir um COVID flestar í höndum karla

COVID-19 Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem taka ákvarðanir um og stýra aðgerðum gegn COVID-19 faraldrinum.

Samkvæmt nýrri rannsókn sem birt var í tímaritinu BMJ Global Health eru rúmlega 85 prósent aðgerðateyma um allan heim að langmestu leyti skipuð körlum. Aðeins í rúmlega 11 prósentum voru konur í meirihluta. Í aðeins 3,5 prósent tilfella var jafnræði meðal kynjanna, með 10 prósent skekkjumörkum.

„Við sáum það strax í upphafi faraldursins að mörg aðgerðateymi voru aðallega skipuð karlmönnum. Það er þau sem taka ákvarðanir, gefa stjórnvöldum ráð og koma fram í fjölmiðlum,“ segir Kim Van Daalen, doktorsnemi í lýðheilsufræði við Cambridgeháskóla, við fréttasíðuna Medical News Today. Hún var meðal þeirra sem komu að

rannsókninni. „Þetta grefur undan aðgerðunum gegn COVID-19 og trausti almennings til vísindanna.“

Alls voru 115 aðgerðateymi í 87 löndum skoðuð. Van Daalen og félagar ráku sig þó á að erfitt var að nálgast upplýsingar um teymi frá mörgum löndum.

Í rannsókninni kom einnig fram að karlar voru mun meira áberandi í ákvarðanatöku en konur hvað varðar sérþekkingu og ráðgjöf. Sem dæmi eru aðeins rúmlega 9 prósent konur í COVID-19 aðgerðateymi Bandaríkjaforseta á meðan 82 prósent meðlima í COVID-19 hópi bandarísku Lýðheilsustofnunarinnar eru konur.

„Gögn okkar sýna það sem er orðið voveiflega samþykkt myndstur í stjórnun heilbrigðismála á heimsvísu,“ segir í greininni. Sé kynjahallinn í núverandi heimsfaraldri alls ekki einsdæmi. – khg

Kemur þá í ljós hvort hann eigi fjölskyldu

Fimm helsingjar með senditæki á hálsinum eru flognir til vetrarstöðvanna í Skotlandi. Arnór Þórir Sigfússon fuglafræðingur sem fylgist með er feginn því að þeir lifðu haustið af því að hann hefur áður misst gæsir til veiðimanna.

VÍSINDI Fimm merktir helsingjar lögðu af stað úr Skaftafellssýslum til vetrarstöðva á Skotlandi fyrir skemmstu. Fengu þeir nöfnin Eivör, Guðmundur, Guðrún, Stefánía og Sæmundur en hefð hefur skapast fyrir að sá sem styrkir senditæki fái að velja nafnið.

Fuglafræðingurinn Arnór Þórir Sigfússon hjá Verkis hefur merkt helsingja frá árinu 2017 í samstarfi við Náttúrustofu Suðausturlands, og fræðimennina Halldór W. Stefánsson og Carl Mitchell. „Helsingjar eru stofn sem er tiltölulega nýbyrjaður að verpa hér á landi, rétt fyrir 1990, og það var ekki mikið vitað um hann,“ segir Arnór. „Bróðurparturinn verpir á Grænlandi og fuglarnir hafa alltaf komið hérna við.“

Helsingjum hefur fjölgað mikið hér á landi og er þá helst að finna í Skaftafellssýslum annars vegar þar sem þeir verpa og Húnavatnssýslum og Skagafirði hins vegar þar sem þeir fara um á vorin á leið til Grænlands. Flestir fara að vetri til eyjar undan vesturströnd Skotlands sem nefnist Islay en einhverjir til Írlands einnig og annarra staða í Skotlandi. Arnór segir marga íslenska farfugla fara til eða í gegnum Bretlandseyjar, það sé þeirra hlið til Evrópu.

Með senditækjunum er hægt að sjá staðsetningu, hæð, hreyfingar, beit og fleira. Eitt af því sem verið er að kanna er ásókn helsingjanna í ræktarland miðað við villtan gróður. Landeigendur hafa sums staðar kvartað yfir helsingjanum hvað þetta varðar. Helsingjar eru friðaðir í Skotlandi en þó er nokkuð skotið vegna ágangs í ræktarland. Ísland er eini staðurinn þar sem helsingir er veiddur í sportveiði og fagnar Arnór því að hið ádurnefnda fimmeyki hafi lifað sumarið og haustið af til að fljúga suður. Það sé langt í frá sjálfgefið.

Með senditækjunum er einnig hægt að sjá hvort fugl sé lifandi eða dauður. „Ég hef sett senda á grágæsir og heiðargæsir í gegnum tíðina og það kemur fyrir að þær eru skotnar. Þá get ég séð hvar þær hanga utan á húsi, hringi og fæ sendinn til baka,“ segir Arnór. „Í eitt skipti var sendirinn skotinn í tætlur, annars hef ég fengið þá heila og getað notað aftur.“



Guðmundur fór fyrstur af stað til Skotlands. MYND/ARNÓR ÞÓRIR SIGFÚSSON

Ég hef sett senda á grágæsir og heiðargæsir í gegnum tíðina og það kemur fyrir að þær eru skotnar.

Arnór Þórir Sigfússon, fuglafræðingur hjá Verkis



Arnór segir að upphaflega hafi verið lagt upp með að fylgjast með helsingjunum í fimm ár en þó hafa engin tímamörk verið ákveðin. Leitað hefur verið til fyrirtækja um stuðning en að hluta er verkefnið fjármagnað úr eigin vasa.

Á hann von á að þeir snúi aftur til Íslands í byrjun apríl. Megnið af stofninum, sem telur um 80 þúsund fugla, heldur þá til Grænlands en á bilinu tvö til þrjú þúsund þör verpa hér sem þýðir milli 10 til 20 þúsund fugla að hausti. Arnór segir að allir merktu helsingjarnir séu varpfuglar nema Guðmundur. Hann hafi verið gripinn í vor í hópi geldfugla. „Það kemur væntanlega í ljós í vor hvort hann sé kominn með fjölskyldu.“ kristinnhaukur@frettabladid.is

SANDBLÁSTUR



Ráðgjöf
Tilboð
Hönnun
Uppsetning

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

ALLT fyrir listamanninn

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Situr fyrir svörum næstu tvo daga

BANDARÍKIN Dómsmálanefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings tekur nú fyrir tilnefningu Amy Coney Barrett í Hæstarétt Bandaríkjanna en umfjöllun nefndarinnar um skipan Barrett hófst í gær.

Á fyrsta fundi nefndarinnar, sem fór fram í gær, fengu allir 22 þingmenn nefndarinnar, tólf úr röðum Repúblikana og tíu Demókratar, tíu mínútur til að ræða tilnefninguna auk þess sem Barrett ávarpaði nefndina.

Í dag og á morgun mun Barrett síðan sitja fyrir svörum á fundi nefndarinnar sem hefst klukkan 13 að íslenskum tíma. Dagskránni lýkur síðan á fimmtudaginn þegar aðrir en Barrett sjálf mæta fyrir nefndina og svara spurningum um dómaraefnið.

Hin 48 ára Barrett var tilnefnd í hæstarétt af Bandaríkjaforseta þann 26. september til að fylla sæti Ruth Bader Ginsburg. Verði hún dómari við réttinn munu aðeins þrjár dómara sitja þar sem tilheyrja



Amy Coney Barrett situr nú fyrir svörum í öldungadeildinni. MYND/GETTY

frjálslyndari armi réttarins á móti sex ihalddssamari dómurum.

Tilnefning Barrett hefur verið harðlega gagnrýnd af Demókrötum, meðal annars vegna þess hve stuttur tími er í forsetakosningar en einnig vegna ihalddssamra gilda Barrett. Búast má við að allir þingmenn Demókrata leggist gegn tilnefningunni.

Engu að síður er fastlega reiknað með að tilnefningin verði staðfest þar sem Repúblikanar eru með meirihluta innan öldungadeildarinnar. Dómsmálanefnd þingsins mun líklega samþykkja tilnefninguna fyrir 22. október og mun öldungadeildin í heild sinni greiða atkvæði um skipunina í kjölfarið. – fbl



STILLANLEG RÚM

20-35% AFSLÁTTUR



VERÐDÆMI

ERGOMOTION +40
35% AFSLÁTTUR

TILBOÐSVERÐ

296.010 KR

VERÐ 455.400 KR
STÆRÐ 2X90X210



Innifalið í verði lagskipt heilsudýna, stillanlegur botn og fætur.

Fyrir hvern?



Björk Eidsdóttir
bjork@frettabladid.is

Í síðustu viku leið fresturinn til umsagnar um ný heildarlög um fæðingar- og foreldraorlof. Breytingarnar fela í sér að orlofið lengist úr níu mánuðum í tólf en jafnframt er lagt til að foreldrar eða forsjáradilar fái úthlutað sitt hvorum sex mánuðunum og aðeins einn þeirra sé framseljanlegur til hins aðilans. Áður fengu foreldrar sína þrjá mánuðina hvort og þrjár voru sameiginlegir.

Þó að flestir séu sammála um að lengra orlof sé gæfuspor er fólk ekki á einu máli um skiptinguna né heldur að tímabilið sem gefst til að nýta orlofið sé stýtt úr 24 mánuðum í 18.

Það dylst ekki að markmiðin eru að fjarvera frá atvinnumarkaði komi ekki niður á öðru foreldrinu og að stuðla að jöfnum rétti foreldra til samveru með barni sínu þar til því býðst dagvistun á leikskóla.

Þar komum við að vandanum: Börn í Reykjavík komast almennt ekki inn á leikskóla við eins árs aldur. Þó að opinbert viðmið sé 18 mánaða er raunhæfara að horfa til tveggja ára aldurs.

Dagmómmur eða einkaleikskólar hafa verið tímabundin lausn fyrir mörg börn en er bæði kostnaðarsöm leið og plássin fá og því bregða margir foreldrar á það ráð að lengja orlofið gegn launaskerðingu.

Í umsögnum um lagabreytinguna kristallast skýr munur á því hvort horft er á orlofið út frá hagsmunum barnanna eða foreldranna og atvinnulífsins.

Þó svo Samtök atvinnulífsins styðji breytingarnar og telji þessa jöfnu skiptingu milli foreldra best til þess fallna að tryggja barni samvistir við báða foreldra, þá tala staðreyndirnar sínu máli og er nauðsyn að horfa til fleiri sjónarmiða. Tölur sína skýrt að hingað til hafa mæður nýtt sér að mestu þá þrjá sameiginlegu mánuði sem hingað til hefur verið boðið upp á.

Tónninn í umsögn Embættis landlæknis er á öðrum nótum en forsvarsmanna atvinnulífsins en þar segir að fæðingarorlof ætti að skilgreina sem rétt barns til umönnunar á fyrstu mánuðum lífsins fremur en einungis sem rétt fullorðinna á vinnumarkaði. Landlæknir vill sveigjanleika og leggur til að skiptingin verði 4-4-4.

Lokamarkmiðið hlýtur alltaf að vera að standa vörð um velferð barnsins og fjölskyldueiningarinnar. Við verðum þá að muna að fjölskyldur eru alls konar, foreldri getur verið eitt, eða aðstöðu- og launamunur foreldra mikill, áhuginn og getan er jafnvel misjöfn og þar fram eftir götunum. Foreldrar eiga sjálfir að fá að ráða sem mestu í þessum efnum. Þannig græðir barnið.

Eins standa oftast fleiri en foreldrarnir að barni, það þarf helst þorp í verkefnið og af hverju mætti ekki framselja rétt til fæðingarorlofs til ömmu, afa eða annarra, ef staðan væri þannig? Þannig væri staða fólks á atvinnumarkaði enn jafnari. Hugsunum þetta út fyrir kassann.

Aðalatriðið er að þessir mánuðir falli ekki niður og barnið tapi, eins og staðreynd er að gerist allt of oft í dag.



Í umsögnum um laga-breytinguna kristallast skýr munur á því hvort horft er á orlofið út frá hagsmunum barnanna eða foreldranna og atvinnulífsins.

Halldór



Frá degi til dags

Grafín loforð
Heilbrigðisráðuneytið stendur á erfiðum og heimatilbúnum krossgötum um þessar mundir. Annars vegar að leyfa Landspítalanum að létta álagið með því flytja sjúklinga í húsnæði Heilsuverndar í Urðarhvarfi eða ekki. Sama húsnæði og Landsbankinn vildi alls ekki vera í. Enginn vill segja upphátt raunverulegu ástæðuna fyrir því af hverju er svona erfitt fyrir ríkið að vera þarna upp frá. Líkt og margir þekkja úr Stephen King-sögum þá stendur Urðarhvarf á fornum grafreit. Í stað frumbyggja Ameríku eru þar grafín öll stjórnsýslubætandi loforð síðustu áratuga, allt frá bætum eftirlitsstofnunum til slagorðsins um „báknið burt“. Það er vel skiljanlegt að embættismenn vilji síður eiga á hættu að vekja upp þannig drauga.

Háprýstingur
Sigmundur Davíð hittir naglann á höfuðið um helgina þegar hann skrifaði heila blaðgrein um ybba. Greinin vakti mikla athygli á samfélagsmiðlum og ybba þessa lands tóku sig til og kepptust við að skilgreina sig í hópinn. Skrif Sigmundar Davíðs eru umdeild svo mildilega sé til orða tekið. Um tíma virtist sem menn yrðu sendir út af örkinni með háprýstidælur til að afmá skilaboðin úr Moggum landsins. Til þess kom þó ekki, enda hefði það verið ybbalegt.

Opið bréf til félags- og barnamálaráðherra



Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður
Eflingar



Agnieszka Ewa Ziolkowska
varaformaður
Eflingar

Sæll, Ásmundur Einar. Við undirritaðar sjáum okkur ekki annað fært en að reyna að ná til þín með opnu bréfi. Ástæðan fyrir því er að við höfum miklar áhyggjur af því að þú ætlir ekki að uppfylla loforð sem gefið var við undirritun Lífskjarasamningsins vorið 2019. Loforðið var að grípa til aðgerða til að uppræta þjófnað á launum verka- og láglaunafólks á Íslandi. Í erfiðum kjaradeilum þann vetur var það eitt af okkar stærstu baráttumálum að loksins yrði gripið til aðgerða vegna þessa. Umfang vandans er gríðarlegt. A hverju ári er hundruðum milljóna stolið af verkafólki. Frá árunum 2015-2019 var meira en einum milljarði stolið af félögum í Eflingu. Félagið sendir út mörg hundruð kröfur á hverju ári til að reyna að innheimta þýfið en innheimtan getur tekið mjög langan tíma. Á meðan ber manneskjan sem verður fyrir glæpum kostnaðinn: getur ekki greitt reikninga eða húsaleigu. Meðalkrafan sem Efling sendir frá sér fyrir hönd félaga er næstum því 500.000 krónur. Slík upphæð skiptir verulega miklu máli í lífi láglaunafólks. Hér tölum við af reynslu en varaformaður Eflingar varð til dæmis fyrir launþjófnaði í sínu fyrra starfi.

Það kostar stjórnvöld og ríkissjóð bókstaflega ekkert að uppræta launþjófnað á íslenskum vinnumarkaði. Þvert á móti mun það auka tekjur ríkissjóðs. Nú er meira en eitt og hálf ár liðið frá undirritun Lífskjarasamningsins. Þetta mál hefur verið á þínu borði allan þann tíma. En þér hefur ekki tekist að uppfylla loforðið, þrátt fyrir að hafa lofað því að lausn væri í sjónmáli á fundi með samninganefnd ASI þann 25. ágúst síðastliðinn.

Samtök atvinnulífsins hafa slegið skjaldborg um launþjófnað og kannski er það skýringin. Varla ætlar þú að láta varðmenn launþjófnaðar stjórna för? Þú hefur tækifæri til að sýna að þú getir sett þig í spor verkafólks, til að sinna skyldu þinni sem ráðherra gagnvart vinnandi fólki og börnum þeirra. Ætlar þú að láta það tækifæri renna þér úr greipum?

LÆGSTA
VERÐIÐ
Í ÖLLUM
LANDS-
HLUTUM

SKILYRÐISLAUST

Orkan - Ódýrt fyrir alla



HEIMILI

FRÍÐJUDAGUR 13. OKTÓBER 2020

Heimili



Laufey Steindórsdóttir hjúkrunarfræðingur ræðir opinskátt um „hægðaheilsu“ og mikilvægi góðrar meltingar. MYND/ADSEND

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Nú er lífið hægðarleikur

Laufey Steindórsdóttir hjúkrunarfræðingur, jóga- og hugleiðslukennari og stofnandi Kyrrðarjóga, hefur glímt við meltingarvandamál um árabíl. Hér deilir hún með okkur á skemmtilegan hátt reynslu sinni af því hvernig hún hefur náð tökum á meltingarvandamálum og fundið jafnvægi í daglegu lífi. ➔2

Framhald af forsiðu →

Sem hjúkrunarfræðingur er ég mjög meðvituð um mikilvægi heilbrigðrar þarmaflóru og góðrar meltingar og því fagna ég allri umræðu um hægðir og klósettferðir fólks. Í gegnum mitt starf og einkalíf hef ég áttað mig á hversu stór partur af heilsu fólks er tengdur meltingarveginum. Mér finnst algerlega nauðsynlegt að hver og einn hugi að sinni „hægðaheilsu“ og sem betur fer er þetta málefni mér engan veginn óþægilegt eða viðkvæmt. Fjölskyldunni minni finnst þó algjör óþarfi að ræða þessa hluti við eldhúsbordid, yfir kvöldmatnum eða fyrir framan gesti og gangandi en mér finnst það hið besta mál og vil leggja mitt af mörkum til að dætur minar skilji mikilvægi heilbrigðrar meltingar. Það að fara á klósettið og pæla í því sem lendir þar er bara nauðsynlegt heilsutékk. Þeir sem þekkja mig vel vita að ég á það til að vera með hægðir á heilanum. Ekki í orðsins fyllstu merkingu en svona allt að því. Ástæðan er einfaldlega sú að ég sjálf hef glímt við meltingarvandamál um árabíl sem kallast hægðatregða og hefur oft á tíðum gert mér lífið leit.

Ótalmargir einstaklingar á öllum aldri glíma við þennan hvimleiða kvilla og vita nákvæmlega hvað ég er að tala um. Ein líklegasta ástæðan og upphaf þess að ég fæ þessa meltingarkvilla má rekja til sýklalyfjagjafar vegna sýkingar í móðurlífi í kjölfarið á barnsfæðingum. Mikil gríðarlega var ég þakklát fyrir sýklalyfin og endurheimt heilsunnar en eftir sátu þarmarnir með bakteríuflóruna í algeru ójafnvægi og reglubundin hægðalosun heyrði sögunni til. Það er frekar þreytandi þegar ekkert er að fréttu og þarmarnir bara í

Það að fara á klósettið og pæla í því sem lendir þar er bara nauðsynlegt heilsutékk.

fríi og börnin þín halda að þú sért komin sex mánuði á leið og eigi von á systkini. Það er líka mjög þreytandi að vera alveg stíflaður og finna þreytu og slen byggjast upp í takt við þensluna á kvíðnum. Nú fer þetta að verða meira og meira spennandi, frásagnarleði mín fer á flug og ég ætla því að fá að deila með ykkur ferðasögu síðasta árs.

Við fjölskyldan dvöldum á Tenerife í tæpar tvær vikur í fyrra. Ég gerði þau skelfilegu mistök að taka ekki með mér neina góðgerla því ég hélt að hægt væri að kaupa slíkt í næsta heilsuhúsi á eyjunni í Atlantshafi. Ónei, ekki aldeilis. Eyjarskeggjar eru eflaust flestir með fína meltingarheilsu því hvergi fann ég heilsuhús eða apótek sem seldi slíkar gersemar sem meltingarensim og fjölgerlar eru. Að kaupa kröftug laxatív-lyf var alveg síðasta sort því ég nennti ekki að ganga í hægðum mínum í fína sundbolnum á ströndinni. Loks á degi sjö í hægðastoppi fann ég einhverja rándýra góðgerlablöndu en þrátt fyrir að hafa klárað alla þakninguna næstu daga hafði það engin áhrif. Allir gerlarnir greinilega löngu dauðir úr hita og ég hélt áfram að burðast með nokkur kíló af úrgangsefnum sem sátu sem fastast. Ég flaug heim til Íslands töluvert sverari um mig miðja og tilkynnti fjölskyldunni minni að einungis eitt grjóthart lambasparð hefði skilað sér í skálina allt fríð. Þeim fannst ég ekki myndin!

Ég hef í mörg ár þurft að taka inn góðgerla og ég hef ekki tölu á



Meltingarkvillar eru úr sögunni hjá Laufeyju eftir hún fór að taka inn Bio-Kult að staðaldri.

MYNDIR/ÁSENDAR



Bio-Kult góðgerlar fyrir alla fjölskylduna. Bio-Kult Candéa og Original henta fyrir alla, einnig barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Ávallt er mælt með að ráðfæra sig við lækni fyrir inntöku fæðubótarefna.

Því hve miklum fjármunum ég hef eytt í alls konar vörur sem stuðla að öflugri og betri meltingu og heilbrigðari þarmaflóru. Sumt virkar og annað alls ekki. Það er því með mikilli ánægju sem ég segi frá reynslu minni af Bio-Kult sem ég hef notað með hléum undanfarið ár en sem ég hef nú gefið meiri gaum og tekið að staðaldri. Ég ákvað í ljósi minnar reynslu og tregðu að taka tvöfalda skammt í tvær vikur af bæði Bio-Kult og Bio-Kult Candéa. Með því móti náði ég að koma öllu vel af stað og ná jafnvægi. Í dag tek ég ráðlagðan skammt bæði kvöld og morgna og finn að það hefur mjög góð áhrif á meltinguna og garna hljóðin eru fyrir mér kærkominn og ómfagur hljómur. Enn fremur þoli ég betur flestalla fæðu núna.

Betri líðan og aukin orka

Lifrin sinnir yfir 100 mismunandi hlutverkum í líkamanum og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfsemi. Active Liver reynist mörgum vel við að viðhalda heilbrigði lifrarinnar.

Lifrin er stærsti kirtill líkamans, hún gegnir yfir 100 mismunandi hlutverkum í líkamanum og er aðal efnaskiptalíffæri líkamans. Í raun er hún efnaverksmiðja sem starfar allan sólarhringinn því án hennar ætti engin brennsla sér stað í líkamanum. Að auki væri blóðrásin ekki eðlileg, hormónabúskapurinn færir úr jafnvægi, óhreinindi myndu safnast í blóði og ótalmargt fleira færir úr skorðum. Þreyta og þröttleysi geta verið merki um að mikilvæg álag sé á lifrinni.


Lifsstill hefur áhrif

Það geta verið margar ástæður fyrir því að lifrin er ekki að virka eins og hún ætti að gera og fjölmargt í lifsstill okkar sem getur haft áhrif þar á og ýtt undir fitusöfnun í lifur sem í daglegu tali kallast fitulífur. Fitulífur er hægt að laga og gott er að hafa í huga að það eru ákveðin matvæli sem ráðlegt er að neyta í hófi eða sleppa til að viðhalda heilbrigðri lifur, það eru til dæmis:

- Áfengi og koffín
- Unnin matvara og djúpsteiktur matur
- Auka-/gerviefni
- Sykraðir drykkir og snakk

Active Liver

Active Liver frá New Nordic er gríðarlega vinsæl vara og fjöl-



Í kinnverskum lækningum til forna var sagt: „Læknir sem getur stillt af starfsemi lifrarinnar, veit hvernig á að lækna hundrað sjúkdóma.“

margir finna fyrir almennt betri líðan við inntöku. Eins og nafnið gefur til kynna eflir þetta bætiefni lifrarstarfsemi og getur aukin orka verið eitt af einkennum heilbrigðrar lifrar. Active Liver inniheldur mjólkurpistil, ætíþistil og kólín sem stuðlar að:

- Eðlilegum fituefnaskiptum
- Eðlilegri starfsemi lifrar
- Eðlilegum efnaskiptum er varða aminósýruna hómóstein



Jóna Hjálmarsson sjúkraliði: „Ég fann fljótlega mun en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttu þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri.“

Að auki inniheldur Active Liver túrmerik og svartan pipar.

Auðveldara að halda mér í réttu þyngd

Jóna Hjálmarsson sjúkraliði hefur lengi notað Active Liver: „Ég er mjög meðvituð um líkamsstarfsemi og veit að fita getur safnast á lifrina. Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er gert úr náttúrulegum efnunum. Ég fann

fljótlega mun á orkunni og mér finnst auðveldara að halda mér í réttu þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri.


Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri.“

Söluastaðir: Apótek, heilsuþúðir og

Fasteignablaðið

41. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 13. OKTÓBER 2020

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



LANDMARK FASTEIGNAMIDLUN



Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi



Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi



Sveinn Eyland
Lögg. fast. og eigandi



Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi



Julius Jóhannsson
Lögg. fast. og eigandi



Monika Hjálmtýsdóttir
Lögg. fast. og eigandi



Þórarinn Thorarson
Lögg. fast. og eigandi



Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.



Eggert Mariuson
Löggiltur fast.



Jón Óskar
Löggiltur fast.



Guðrún D. Lúðvicksdóttir
Löggiltur fast.



Helga Snorraddóttir
Skrifstofa/skjalavinnsla



Ása Þáll Ragnarsdóttir
Skjalavinnsla/móttaka

Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is



ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti



Elin Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali



Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali



Sólveig Friða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteignasölu og lögfræðingur.

MIDBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni

Opið hús er í dag en bóka þarf skoðun fyrirfram.

Einbýli á góðum stað

Heimili fasteignasala kynnir í einkasölu gott einbýlishús með tvöföldum bílskúr og stórum garði á frábærum stað rétt við Fossvogsdalinn.

Húsið er á tveimur hæðum og skiptist í forstofu, þvottahús, stofu/borðstofu, eldhús, hjónaherbergi, baðherbergi, 3 svefnherbergi, geymslu. Eignin er skráð 191,1 fm, húsið er 142,6 fm og bílskúr 48,5 fm.

Komið er inn í anddyri með fataskáp og flísam á gólfi. Flísalagt þvottahús með hillum og vaski. Hólið er með ljósu parketi og í framhaldi er gengið inn í stofu og borðstofu sem eru í einu rými með

ljósu parketi og gluggum á þrjá vegu. Eldhúsið er rúmgott með ljósri innréttingu, flísum á gólfi, tengi fyrir uppþvottavél, borðkrók og góðu búi inn af. Baðherbergið er á aðalhæð hússins og er flísalagt með eldri innréttingu og baðkari með sturtu.

Hjónaherbergið er einnig á aðalhæð hússins og er rúmgott með ljósu parketi og góðum skápum. Léttur stigi er á milli hæða, komið er upp á gang á efri hæð hússins og þar eru 3 svefnherbergi sem eru að hluta undir súð. Geymslurými undir súð eru í herbergjum og á gangi.

Bílskúrinn stendur sér og er tvöfaldur, 48,5 fm, byggður 1980. Hann er með hita, þriggja fasa

rafmagni, gryfju, góðum hillum, og nýrri hurð með fjarstýringu. Stór og skjólgóður garður umlykur húsið og baka til er 14 fm geymsluhús sem fylgir. Stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla.


Velkomin á opið hús í dag, þriðjudag, kl. 17.30-18. Hægt að bóka einkaskoðun á sigrídur@heimili.is og í síma 692 1540. Við hjá Heimili fasteignasölu biðjum áhugasama kaupendur að virða COVID-reglur og mæta með andlitsgrímu og hanska í skoðun fasteigna og í opin hús. Öll viljum við hægja á útbreiðslu COVID-19, samstaðan er okkar besta sóttvörn.

Þú finnur blað dagsins, Markaðinn, Atvinnublaðið, sérblað og safn eldri blaða á frettladid.is



job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?



heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala. Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar
Hallgrímsson
hdl. og lögg. fast-
eignasali
heimir@fastmark.is



Elin D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Úlfar Freyr
Jóhannsson
hdl og lögg.
fasteignasali
ulfar@fastmark.is



Gisli Rafn
Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fast-
mark.is

Sumarbústaðalóð í Skorradalshreppi.

Lóðin er eignarlóð 3.456,0 fermetrar að stærð og er byggingarhæf nú þegar.

Lundur 22 – Kópavogi. Íbúðir á skjólsælum stað austast í Lundi.



- Glæsilegar 3ja herbergja íbúðir á 1. og 2. hæð í 3ja hæða glæsilegri nýbyggingu við Lund 22 í Kópavogi.
- Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar.
- Innréttingar eru frá Brúnás ehf.
- Arkitektar: Guðmundur Gunnlaugsson (Archus) og Gunnar Páll Kristinsson (Rýma arkitektar). Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is
- Íbúðir verða afhentar á tímabilinu des 2020.

Naustavör 11 – Kópavogi. Nýjar 2ja – 4ra herbergja íbúðir.



- Nýjar og glæsilegar 2ja – 4ra herbergja íbúðir í 3ja hæða glæsilegri nýbyggingu við Naustavör 11 í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðirnar eru frá 83-182 fm og eru með innréttingum frá Brúnás og AEG eldhústækjum.
- Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða timburveröndum. Staði í bilageymslu fylgja sumum stærri íbúðum.
- Allar íbúðir hafa ágætlega stórar svalir eða góðar timburverandir.
- Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is
- Íbúðir verða afhentar á tímabilinu nóv - des 2020.

Lautarvegur - Fossvogur. Einbýlishús með tveimur aukaíbúðum.



- Nýtt og stórglæsilegt um 400,0 fm. einbýlishús/keðjuhús með tveimur aukaíbúðum í kjallara á fullfrágenginni og glæsilegri lóð við opið svæði við Lautarveg neðst í Fossvogi.
 - Húsið er byggt á afar vandaðan máta og úr vönduðum byggingarefnum. Skipulag er virkilega gott. Lofthæð á aðalhönd er 3,5 metrar, lofthæð á efri hæð er 2,7 metrar og lofthæð í kjallara er 2,5 metrar. 45,8 fm. innbyggður flisalagður bílsk.
 - Tvær aukaíbúðir eru í kjallara, hvor um sig með sérinngangi og aðkomu frá göngustíg sunnan við húsið. Mögulegt er að stækka aðalíbúð hússins með því að opna inn í aðra þessara íbúða.
 - Húsið að utan er klætt með lerkí og trefjasem-entsplötum og er því viðhaldslétt
- Eign sem vert er að skoða. **Verð 189,0 millj.**

Freyjugata. Heil húseign.



- Afar vel staðsett um 320,0 fm. einbýlishús, jarðhæð, efri hæð og ris við Freyjugötu 47 í Reykjavík auk 63,0 fm. bílskúrs. Físhæð hússins, sem byggð var síðar, er ekki skráð í Fasteignaskrá en fyrir liggja samþykktar teikningar vegna hennar.
 - Sér 3ja herbergja íbúð er á jarðhæð hússins. Risloft er óinnréttað og með góðum gluggum til allra átta og útgengi á svalir til suðurs með frábæru útsýni. Risloftið er mjög vel manngengt að stórum hluta.
 - Eignin stendur á rólefum og eftirsóttum stað á 620,0 fm. eignarlóð sem er ræktað með steypum veggjum í kring að hluta, steyptri innkeyrslu og hellulögðum stéttum.
- Verð 159,0 millj.**

Viðjugerði. Einbýlishús með aukaíbúð.



- Mjög gott 293,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðt. 32,7 fm. bílskúr sem hefur verið breytt í 2ja herbergja íbúð. Tvennar rúm-góðar svalir til suðurs og vesturs ásamt sólskála og verönd til suðurs.
 - Innisundlaug er í húsinu með útgengi á verönd í bakgarði. Stórar stofur og fallegur arinn. Möguleiki er að nýta neðri hæð sem séríbúð.
 - Húsið er staðsett á frábærum stað í rölegri götu við Viðjugerði. Lóðin er 767,0 fm. að stærð, vel hirt og gróin. Hellulögð aðkoma að húsi að framan og hellulögð verönd í bakgarði til suðurs. Snjóbræðsla í stétt fyrir framan hús og geymsluskúr á baklóð til austurs.
- Verð 130,0 millj.**

Reykjafold 15. Einbýlishús – 4 svefnherbergi.



- Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag, frá kl. 17.00 – 17.30
 - 175,2 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 37,8 fm. frístandandi bílskúr á frábærum stað við opið svæði í Reykjafold í Grafarvogi.
 - Fjögur rúm-góð herbergi. Stofa með útgengi á verönd.
 - Stór um 50 fermetra afgirt viðverönd í austur, suður og vestur með heitum potti.
 - Gróin lóð, tyrfd og með trjágróðri, en vantar viðhald. Hellulögð innkeyrsla og stéttar framan við hús.
- Verð 72,9 millj.**

Asparfell 12. 2ja herbergja íbúð á 7. hæð.



- Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag, frá kl. 17.15 – 17.45
 - 70,8 fm. íbúð á 7. hæð í nýlega uppgerðu og álklaðdu fjölbylishúsi við Asparfell.
 - Íbúðin er í upprunalega standi og er kominn tími á einhverja endurnýjun.
 - Frábært útsýni til suðurs og norðurs. Suðursvalir. Myndavélakerfi í sameign og bílastæðum.
 - Þvottaherbergi á hæðinni. Sér geymsla á jarðhæð.
 - Laus til afhendingar strax.
- Verð 27,5 millj.**

Baldursgata 30. 3ja – 4ra herbergja endurnýjuð íbúð.



- Glæsileg 3ja – 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í steinsteyptu húsi í miðborginni. Frá stofu og af svölum er útsýni að Reykjanesi og frá eldhúsi, borðstofu og herbergjum er útsýni að Hallgrímskirkju.
 - Aukin lofthæð er í íbúðinni og allir innveggir hennar eru léttir og því hægt að breyta skipulagi að vild. Íbúðin var öll innréttuð árið 2014 og öllu innra skipulagi hennar breytt.
 - Stofa og borðstofa í opnu rými með miklum gluggum og útgengi á svalir. Eldhús opið við stofu með eyju. Tvö svefnherbergi.
 - Gengið er inn í stigahús frá Válastíg.
- Verð 58,9 millj.**

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.



- Stuðlaborg er vandað fjölbyli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örtutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklaðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgöf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loft-ræsting skapa góða hljóðvist. Gölfslóðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.



- Sólborg er vandað fjölbyli með afar vönduðum 2ja – 5 herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örtutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklaðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigininni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Byggingaráðili er ÍAV hf. sem er eitt stærsta, elsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Þóroddur S. Skaptas
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ó. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Guðrún D. Valdimars
aðst. fasteignasala
Sími: 899 6551

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929



Framúrskarandi
fyrirtæki

Hörgshlíð 26 105 Reykjavík

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Jason í síma **775 1515**

Fallegt og klassískt 330 fm einbýlishús að Hörgshlíð

- Eignin er á þremur hæðum með séríbúð á neðstu hæð
- 3 stofur, 5 svefnherbergi, 3 baðherbergi.
- Gróinn og fallegur garður með tvískiptum palli, heitum potti og útisturtu.
- Göngufæri er við útivistarsvæði í Öskjuhlíð

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: **775 1515**
jko@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**

Perlukór 1c 203 Kópavogur

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Jóranni í síma **845 8958**

Glæsileg 3ja herb íbúð á 1. hæð stærð 95,5 fm

- Sérinnngangur
- Fallegar stofur, með útgengt út á pall
- Sérafnotaréttur
- Þvottahús innan íbúðar
- Baðherbergi m glugga og góðri snyrtiaðstöðu
- Barnvænt hverfi

Nánari upplýsingar:
Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: **845 8958**
jorunn@miklaborg.is

Verð: **47,9 millj.**

Mosgerði 9 108 Reykjavík

NÝTT Í SÖLU

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Axel í síma **778 7272**

200 fermetra einbýlishús kjallari, hæð og ris.

- Skráð sem tvær eignir (2 fast.nr).
- 77,6 fm hæð ásamt 44,2 fm geymslu í kjallara sem búið er að breyta í íbúð (ekki full lofthæð).
- 39,9 fm íbúð í risi ásamt 33,6 fm geymslu í kjallara sem búið er að breyta í íbúð (ekki full lofthæð).
- Eign sem þarfnast viðhalds.
- Samþykktar teikningar af breytingum á þaki geta fylgt.

Nánari upplýsingar veitir:
Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
sími: **778 7272**
axel@miklaborg.is

Verð: **79,5 millj.**

Hraunbær 103 a/b/c 110 Reykjavík

Vandaðar nýjar íbúðir fyrir 60+

- Stærðir frá 52-160 fm, stúdíó, 2ja og 3ja herbergja íbúðir
- Flestar íbúðirnar ná í gegnum húsið
- Útsýnisíbúðir
- Vinsælar íbúðir
